



Eftirlitsverkefni 2011

Innihaldslýsingar matvæla og uppskriftir þeirra

(Janúar 2012)



Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Eftirlitsverkefni	2
3. Framkvæmd	2
4. Niðurstöður.....	3
4.1. Spurning 1	3
4.2. Spurning 2	4
4.3. Spurning 3	4
4.4. Spurning 4	5
4.5. Spurning 5	5
4.6. Spurning 6	6
4.7. Spurning 7	6
5. Lokaorð	7

1. Inngangur

Nákvæmar upplýsingar um innihald matvæla eru neytendum mikilvægar til að hafa upplýst val. Mörg atriði skipta neytendum máli og má þar nefna það að þekkja samsetningu samsettra matvæla, næringu, hráefni og magn mikilvægra hráefna, aukefni og síðast en ekki síst er það öryggisatriði fyrir þá sem eru með ofnæmi eða óþol að innihaldsefni séu merkt samkvæmt reglum. Tilgangurinn með þessu eftirlitsverkefni var að kanna hvort matvælafyrirtæki eru með réttar upplýsingar á umbúðum og hvort þau eru með verklag sem stuðlar að því að innihaldslýsingar séu réttar. Þessi skýrsla er samantekt á niðurstöðum eftirlitsverkefnis sem unnið var á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 2011.

2. Eftirlitsverkefni

Matvælastofnun (MAST) hefur eftirlit með matvælafyrirtækjum sem framleiða dýraafurðir og hefur einnig það hlutverk að hafa yfirumsjón með matvælaeftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og sér til þess að vöktun og rannsóknir vegna matvælaeftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Sameiginleg eftirlitsverkefni eru eitt af þeim tækjum sem Matvælastofnun notar til að uppfylla þessi ákvæði í matvælalögunum. Eftirlitsverkefni geta verið margskonar. Í sumum er verið að taka sýni af matvælum á ákveðnu tímabili um allt land og örveru- eða efnainnihald skoðað. Í öðrum tilfellum er augunum beint að ákveðnum þáttum í starfsemi matvælafyrirtækja. Þetta verkefni er dæmi um síðar nefndu nálgunina, þ.e. verið er að skoða hvernig matvælafyrirtæki tryggja að réttar upplýsingar komi fram í merkingum matvæla.

3. Framkvæmd

Eftirlitið fór fram á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 2011. Ekki var fyrirfram ákveðið hversu margar matvörur yrðu skoðaðar. Skýrslum úr eftirliti var skilað rafrænt með notkun Google forma. Á landinu eru 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK)
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Matvælasvið (HER)
- Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HKJ)
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF)
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HVL)
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV)
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL)
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HSN)

Tafla 1. Fjöldi skýrslna

	HHK	HAUST	HKJ	HNE	HNV	HER	HSL	HSN	HVF	HVL	MAST
Skýrslur	0	11	0	0	0	11	9	0	1	0	7

Í könnuninni var spurt um 39 matvörur í 15 fyrirtækjum. Matvörurnar voru af ýmsum toga þ.á.m kjötvörur, jurtaréttir, kökur/eftirréttir, ís, sósur, salöt, sultur og hlaup.

Til að auðvelda eftirlitið voru útbúnar leiðbeiningar með eyðublaði. Niðurstöður eftirlitsins voru síðan skráðar rafrænt með hjálp Google docs.

Reglur um merkingar innihaldsefna í matvælum er að finna í reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla, en einnig eru ákvæði í sérreglugerðum s.s. um kakó- og súkkulaðivörur, og um kjöt og kjötvörur sem varða merkingar innihaldsefna.


4. Niðurstöður

4.1. Spurning 1

Spurt var hvort í innra eftirliti fyrirtækisins sé verklag sem stuðlar að því að innihaldslýsingar séu réttar.

Svar birtist fyrir hverja vöru, þó svo að fleiri en ein vara sé skoðuð í sama fyrirtæki. Dæmi um verklag sem átt er við:

- verklag um að reglulega (t.d. árlega) sé uppskrift, framleiðsluaðferð og innihaldslýsing yfirfarin m.t.t. til þess hvort innihaldslýsing á umbúðum sé rétt
- verklag um að samsett innihaldsefni séu yfirfarin m.t.t. breytinga sem gætu hafa orðið á innihaldsefnum þeirra
- verklag um að reglulega (t.d. 2x á ári) sé farið yfir hvort ákvæði um merkingar hafi breyst í reglugerðum
- Skipulega sé safnað saman ábendingum og athugasemdum um það sem þarf að lagfæra




Mynd 1. Er verklag í innra eftirliti fyrirtækisins sem stuðlar að því að innihaldslýsingar séu réttar?

4.2. Spurning 2

Spurt var hvort til sé skráð uppskrift af ákveðinni vöru sem tekin var til skoðunar?


Uppskriftir geta verið skráðar á mismunandi hátt, rafrænt og á blöðum.



Mynd 2. Er til skráð uppskrift?

4.3. Spurning 3


Spurt var hvort öll innihaldsefni uppskriftar komi fram í innihaldslýsingu á umbúðum? Borin var saman uppskrift og innihaldslýsing og kannað hvort reglur væru uppfylltar.



Mynd 3. Koma öll innihaldsefni uppskriftar fram í innihaldslýsingu á umbúðum?

4.4. Spurning 4


Spurt var hvort ofnæmis- og óþolsvaldar væru rétt merktir. Í matvöru sem innihélt enga ofnæmis- eða óþolsvalda sem skylt er að merkja var svarað „Á ekki við“.



Mynd 4. Eru ofnæmis- og óþolsvaldar rétt merktir?

4.5. Spurning 5

Spurt var hvort innihaldsefni séu talin upp í réttri röð eftir magni í innihaldslýsingu.




Mynd 5. Eru innihaldsefni í réttri röð eftir magni?

4.6. Spurning 6

Spurt var hvort innihaldsefni séu rétt magnmerkt.

Átt er við magn mikilvægra innihaldsefna sem á að merkja sem % í innihaldslýsingu eða við heiti vöru,


- ef merking matvæla gefur til kynna magn eða undirstrikar mikilvægi eins eða fleiri innihaldsefna eða
- ef ákveðin innihaldsefni eru venjulega tengd heiti matvæla eða eru nauðsynleg til að einkenna matvælin og greina þau frá vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir.



Mynd 6. Eru innihaldsefni rétt magnmerkt?

4.7. Spurning 7

Spurt var hvort samsett innihaldsefni séu rétt merkt? Með samsettum innihaldsefnum er átt við innihaldsefni (hráfni) sem er sjálft gert úr innihaldsefnum. Dæmi: Majones er samsett úr nokkrum hráefnum og aukefnum og er því samsett innihaldsefni (hráfni) í rækjusalati. Innihald majoness verður að koma fram í innihaldslýsingu salatsins. Ef engin samsett innihaldsefni eru í matvörunni er svarað „Á ekki við“.



Mynd 7. Eru samsett innihaldsefni rétt merkt?

5. Lokaorð

Svörin í þessari könnun sýna að flestar vörur eru rétt merktar varðandi þau atriði sem spurt er um. En ýmis frávík koma þó í ljós. Stærstu frávikin eru þau að í fjórðungi fyrirtækjanna vantar verklag sem beinist að því að tryggja að merkingar séu ávallt réttar, í merkingu á fjórðungi skoðaðra matvara vantar að innihaldsefni séu talin upp í réttri röð eftir magni í innihaldslýsingu og í fjórðungi þeirra matvara sem innihalda samsett innihaldsefni eru þau ekki rétt merkt. Í nokkrum tilvikum vantar upplýsingar um innihaldsefni. Alvarlegast er þegar upplýsingar vantar um innihaldsefni sem eru ofnæmis- eða ópolsvaldar.

Þátttaka í eftirlitsverkefninu var ekki mikil og því ekki hægt að yfirfæra niðurstöðuna á heildarástand merkinga matvæla í landinu. Niðurstaða könnunarinnar gefur þó vísbendingu um stöðu mála.